




REYKJANESBÆR

Bæjarráð Reykjanesbæjar
Hr. Friðjón Einarsson, formaður
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbæ 26.03.2021

Varðar: Ástand gatna í Reykjanesbæ

Það er skylda mín sem Sviðsstjóra Umhverfissviðs Reykjanesbæjar að upplýsa Bæjarráð um áhyggjur okkar á Umhverfissviði yfir ástandi yfirborðs gatna í Reykjanesbæ. Mörg undanfarin ár höfum við ekki getað viðhaldið götum bæjarins sem skyldi og er nú ástandið orðið með þeim hætti að við erum farin að hafa verulegar áhyggjur. Í kynningu vegna fjárhagsáætlunargerðar 2021 setti undirritaður fram eftirfarandi glæru.



Þarna kemur fram að árleg viðhaldspörf er um 300 milljónir króna. Við höfum varið frá 60 milljónum til 120 milljóna undanfarin ár. Uppsöfnuð viðhaldspörf er því mikil. Eins og kemur fram í fylgiskjali 1 þá er mjög mikið af götum komið á rautt stig sem þýðir að yfirborð gatnanna er orðið það slæmt að ef ekki verður farið í að fræsa og yfirleggja göturnar er hætt við að burðavirki vegarins skemmist og þá er um að ræða mun kostnaðarsamari viðgerðir. Þessar viðhaldsframkvæmdir eru metnar á 450 -500 milljónir króna.

Undirritaður vill upplýsa Bæjarráð um stöðuna og óskar jafnframt eftir afstöðu til stöðunnar.

Virðingarfyllt
Guðlaugur H Sigurjónsson

Sviðsstjóri Umhverfissviðs

Fylgigögn: Yfirlit Reykjanesbæjar.

Dreifing :
Kjartan Már Kjartansson
Bæjarstjóri Reykjanesbæjar